

Atvinnuvegaráðuneytið
Skrifstofa auðlinda, skrifstofa landgæða og dýraheilsu
Skúlagötu 4
101 Reykjavík

Reykjavík, 20. febrúar 2026

Efni: Umsögn um drög að frumvarpi til laga um sameiningu Matvælastofnunar, Fiskistofu og Verðlagsstofu skiptaverðs

Félag atvinnurekenda (FA) og Samtök fiskframleiðenda og útflytjenda (SFÚ), hér eftir samtökin, vísa til ofangreinds máls, sem birtist í samráðsgátt stjórnvalda 5. febrúar sl.

Samtökin gera ekki athugasemdir við meginefni frumvarpsins og styðja markmið þess um einfaldari og skilvirkari stjórnsýslu, hagræðingu í ríkisrekstri og hlítni við reglur samningsins um Evrópska efnahagssvæðið.

Tilmæli Samkeppniseftirlitsins nr. 2/2012

Athugasemdir samtakanna snúa eingöngu að ákvæðum einna þeirra laga, sem breyta á með frumvarpinu, þ.e. laga nr. 13/1998 um Verðlagsstofu skiptaverðs og úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna. Athugasemdir samtakanna byggjast á áliti Samkeppniseftirlitsins (SKE) nr 2/2012, og tilmælum, sem beint var til þáverandi atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra. Ráðuneytið hefur á þeim tíma, sem síðan er liðinn, í engu brugðist við tilmælunum. Samtökin telja að við þessa breytingu sé tækifæri til að taka tillit til tilmæla samkeppnisyfirvalda og gera breytingar á lögunum í þágu bættra samkeppnisskilyrða í sjávarútvegi.

Í tilmælunum kom fram að hvatar kynnu að vera hjá lóðrétt samþættum útgerðarfyrirtækjum, sem yllu því að þau gæfu upp sem lægst verð í innri viðskiptum milli vinnslu- og útgerðarhluta fyrirtækjanna. Með því gætu þau dregið úr gjaldtöku ríkisins og annarra opinberra aðila af rekstrinum og lækkað launakostnað sinn. Þetta á við um t.d. gjaldstofna veiðigjalda og hafnargjalda.

Óheppilegt fyrirkomulag á úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna

Í álitinu sneri ein ábendinga SKE til ráðherra að því að það fyrirkomulag laganna um Verðlagsstofu, að hagsmunasamtök útvegsmanna og sjómanna ákveði svokallað viðmiðunarverð á slægðum og óslægðum fiski í innri viðskiptum, væri að mati Samkeppniseftirlitsins óheppilegt í samkeppnislegu samhengi. SKE benti á að ein meginforsenda þess að virk samkeppni geti verið fyrir hendi sé að keppinautar taki sjálfstæðar ákvarðanir um verð, framleiðslu og önnur viðskiptaleg málefni. Þessu sjálfstæði

sé ógnað ef lög leiði til þess að keppinautar hittist reglulega og skiptist á upplýsingum um viðkvæm samkeppnisleg málefni.

SKE benti á að þrátt fyrir tengingu laganna við kjarasamninga sjómanna, ætti að vera unnt að „tryggja eðlilega framkvæmd á þessu sviði með aðferðum sem fela í sér minni hættu á samkeppnishömlum.“ „Til að koma í veg fyrir þær samkeppnishömlur sem af þessu fyrirkomulagi leiða væri eðlilegast að útvegsmenn kæmu ekki með beinum hætti að ákvörðun þessa verðs (verðlagsstofuverð). Möguleg lausn væri að efla starfsemi Verðlagsstofu skiptaverðs og gefa stofnuninni heimildir til að ákvarða viðmiðunarverð í beinum viðskiptum með fisk. Slík breyting, eða önnur sambærileg leið, myndi líklega hafa það í för með sér að verð í innri viðskiptum samþættra útgerða yrði líkara því verði sem annars myndi gilda í sambærilegum viðskiptum á milli tveggja ótengdra aðila,“ sagði í tilmælum SKE.

Ekki flókið að reikna út markaðsverðið

Í dag sitja fulltrúar tveggja af stærstu útgerðum landsins saman í úrskurðarnefndinni, sem skapar að sjálfsögðu þær hættur sem samkeppnisyfirvöld bentu á. Samtökin hvetja til þess að við sameiningu stofnananna og niðurlagningu Verðlagsstofu í núverandi mynd verði horft til tilmæla SKE. Langtím eðlilegra fyrirkomulag væri að innan sameinaðrar stofnunar starfaði hópur óháðra sérfræðinga, sem hefði það hlutverk að leggja mat á umrætt markaðsverð og gefa út viðmiðunarverð. Þetta er alls ekki flókin gjörningur, markaðsverðið er reiknað út frá sölu á eina frjálsa markaðinum með fisk á Íslandi þ.e. á uppboði Reiknistofu fiskmarkaða (RSF). Verð þetta liggur fyrir án tafar daglega.

Breyting af þessu tagi myndi ekki eingöngu draga úr samkeppnishömlum í sjávarútvegi, heldur tryggja opinberum aðilum sanngjarnari hlutdeild í aflaverðmæti.

Samtökin hvetja ráðuneytið til að fara á ný vel yfir álit Samkeppniseftirlitsins nr. 2/2012 og leitast við að hrinda í framkvæmd öðrum þeim tilmælum og ábendingum, sem þar koma fram.

Samtökin áskilja sér rétt til að koma frekari ábendingum og athugasemdum á framfæri á síðari stigum. Þá eru þau að sjálfsögðu reiðubúin að funda með ráðuneytinu ef þörf krefur.

Virðingarfyllst,

Arnar Atlason
formaður SFÚ

Ólafur Stephensen
framkvæmdastjóri FA